

EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
16. árgangur
Júní 2014

STÉTTARFÉLAG
FYRIR ÞIG


1. maí

Aðalfundur

Do członków zwikzku

To the members of Eining-Iðja

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน





Útgefandi: Eining-Iðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Ritnefnd:

Anna Dóra Gunnarsdóttir,
Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Ingimundur
Norðfjörð, Kristín Anna Gunnólfssdóttir,
Frímann Stefánsson og Margrét Einarsdóttir
starfsmaður nefndarinnar

Forsíðumynd:

1. maí Akureyri 2014.

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.



Strandgötu 3 · 600 Akureyri
Sími 440 2370
Fax 440 2380
www.sjova.is

Eitt kort
36 vötn
6.900 kr
www.veidikortid.is

VEIÐIKORTIÐ
2014

Vestmannsvatn
komið á kortið!
Kynnið ykkur sértílbót til félags-
manna á skrifstofu

www.veidikortid.is

Efnisyfirlit

- 4** Laus hús í sumar
- 4** Yfirsjón eða kæruleysi
- 4** Byrð þú yfir minningarbrotum eða áttu myndir?
- 6** Hvað breyttist með nýjum kjarasamningum?
- 7** Örfá sæti laus í innanlandsferðina!
- 7** Reynslutími/starfsþjálfun er líka vinna!
- 8** Frábær fræðsludagur
- 10** Aðalfundur Einingar-Iðju
- 14** To the members of Eining-Iðja
- 15** „Gaman saman“ frá Þulu Café - Bistró
- 16** 15 ár liðin frá sameiningu
- 16** Öryggisæfing
- 17** PACTA lögmenn með skrifstofur í Fjallabyggð og Dalvík
- 18** 1. maí hátíðarhöld
- 21** Leikhúsferð fyrir lífeyrisþega félagsins
- 22** Við erum hér fyrir ykkur
- 23** Þekkir þú þinn rétt?
- 24** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 26** Do członków związku Eining-Iðja
- 26** Sumarstarfsmenn
- 27** ถึงสมาชิก Einingu Iðju ททททท
- 27** Munið eftir félagavefnum
- 28** Gott að vita
- 28** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 28** PACTA lögmenn
- 29** Fjölsmiðjan er flutt í Furuveli 13
- 29** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 30** Stjórnir og nefndir

VEGGSKREYTINGAR ERU OKKAR FAG

Við hönnum, skerum út & limum

Mikið úrval af munstrum
leturgerðum & litum



STÍLL




Stíll auglýsingastofa og skiltagerð | Óseyri 2 | 603 Akureyri | Sími 4 600 770 | www.still.is

75 velbúnir hópferðabílar



Leitið tilboða í ykkar ferð

ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORÐURLEIÐ
www.sba.is



LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!



Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofur félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.

Yfirsjón eða kæruleysi?

Í kjarasamningnum sem samþykktur var í mars sl. var ákvæði um að hækka gjald í starfsfræðslusjóð úr 0,20% af heildarlaunum í 0,30%, en gjaldið skapar rétt launafólks í Landsmennt, sem er fræðslusjóður verkafólks á landsbyggðinni.

Eftir að samningurinn var samþykktur sendi

Eining-löja bréf til allra fyrirtækja sem starfa eftir samningnum á félagssvæðinu til að leggja áherslu á breytinguna.

Þrátt fyrir að bréfið hafi verið sent öllum þessum aðilum eru **ótrúlega margir** sem hafa ekki tekið mark á breytingunni.

Spurningin er hvers vegna: **Er þetta vegna**

gleymsku, eða vegna þess að póstur frá stéttarfélaginu er ekki lesinn?

Þetta er áhyggjuefni. Ef fyrirtækin vita ekki af þessari breytingu, þrátt fyrir bréfið sem félagið sendi, hvernig er þá með aðrar breytingar á kjarasamningnum, svo sem launahækkunar?

Starfsmenn Einingar-löju hafa undanfarið séð dæmi um að félagsmenn sem fá greitt eftir taxta hafa einungis hækkað um 2,8% en ekki um allt að 5% eins og samið var um.

Eining-löja hvetur alla félagsmenn til að skoða vel launaseðlana sína og hafa endilega samband ef þeir telja að réttindi þeirra séu ekki virt.

Það er líka vert að taka fram að það fer mikil vinna í leiðréttingar á skilagreinum og mikill kostnaðarauki fyrir félagið að senda fleiri tugi innheimtubréfa.

Býrð þú yfir minningarbrotum eða áttu myndir?

Síðastliðið haust byrjaði Jón Hjaltason sagnfræðingur að rita sögu Einingar-löju og er fyrirhugað að bókin verði gefin út á fyrri parti ársins 2018. Stefnt er á saga félagsins verði í og með atvinnusaga Eyjafjarðarsvæðisins á þessu tímabili, saga samfélagsins og að einhverju leyti saga þjóðar. Þetta er allt samtvinnað þannig að heimildirnar liggja mjög víða.

Ef einhver býr yfir minningarbrotum sem tengjast sögunni þá er sá hinn sami hvattur til að hafa samband við Jón. Hægt er að senda tölvupóst á netfangið jonhjalta@simnet.is eða hringja í síma 862 6515. Sömuleiðis ef einhver á gamlar myndir þá er hægt að senda póst á þorsteinn á netfangið steini@ein.is eða hringja í síma 460 3600 og biðja um Steina. Gaman væri ef félagið fyndi myndir sem ekki hafa verið prentaðar áður, t.d. gamlar tækifærismyndir sem jafnvel sýna óvart það sem á þeim er.

Veist þú að

Þú borgar 1% af launinum í verkalyðsfélag og færð í staðinn aðgang að sjúkrasjóði, orlofssjóði, kjarasamningum og aðstoð ef eitthvað kemur uppá.

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarféлага



Init ehf. • Grensásvegi 50 • 108 Reykjavík • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



*Starfsmenn Enor
óska félagsmönnum Einingar-Jöðu
gleðilegs sumars og ánægjulegs sumarfrís*

 **ENOR**

Hafnarstræti 53
600 Akureyri

S 430 1800
E enor@enor.is

www.enor.is



Þann 3. júní sl. hélt félagið fund með trúnaðarmönnum Einingar-löju sem starfa hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu. Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, fór þar yfir stöðu mála varðandi samningaviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga. Góð mæting var á fundinn þar sem miklar umræður urðu um mállefnið en á þessum tíma stefndi allt í að samningaviðræðunum verði vísað til sáttasemjara því mikið bar í milli.

Hvað breyttist með nýjum kjarasamningum?

Almennir markaðurinn

Laun hækkuðu frá og með 1. febrúar sl. og sérstök eingreiðsla að upphæð kr. 14.600, miðað við fullt starf, kom fyrir janúar. Þeir sem taka mið af launatöflu hækka um 4,2 % til tæp 5% í launum, nýju launatöfluna má finna á www.ein.is, en aðrir sem ekki taka mið af launatöflu áttu að hækka um 2,8% þó að lágmarki um kr. 8.000. Aðrir kjaratengdir liðir áttu einnig að hækka um 2,8 %. Orlofsuppbót 2014 hækkar í 39.500 kr. og desemberuppbót 2014 hækkar í 73.600 kr. Tekjutrygging fyrir árið 2014 hækkar í kr. 214.000

Önnur ákvæði:

Tímamæld ákvæðisvinna í ræstingu

Eldra fyrirkomulag í tímamældri ákvæðisvinnu í ræstingu féll úr gildi 1. febrúar 2014. Nú gildir nýtt greiðslufyrirkomulag í tímamældri ákvæðisvinnu við ræstingar en áfram verður hægt að greiða skv. tímavinnu og vaktavinnu.

Bakvaktagreiðslur í samningi hótel og veitingahúsa

Samið var um greiðslur fyrir bakvaktir starfsmanna sem vinna skv. kjarasamningi veitinga- og gistihúsa og við hliðstæða starfsemi.

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk

Í gr. 18.4. um kauptryggingu fiskvinnslufólks var bætt inn ákvæði sem styrkir enn frekar réttindi fiskvinnslufólks vegna námskeiða.

Vinnufatnaður hjá byggingastarfsmönnum

Í gr. 15.9.1. um vinnufatnað byggingastarfsmanna kom inn skýrara ákvæði sem snýr að rétti byggingastarfsmanna til vinnufatnaðar.

Framlög til starfsfræðslusjóðs

1. febrúar 2014 hækkaði framlag til starfsfræðslusjóðs um 0,1% og verður heildarframlag 0,3%.

Réttur til skaðabóta vegna ráðningasamninga

Nýtt ákvæði kom inn í kafla kjarasamnings um ráðningasamninga sem varðar skaðabótaskyldu atvinnurekanda.

Veikindi og slys í orlofi

Gr. 4.2. um veikinda í orlofi var uppfærð þar sem réttindi gagnvart veikindum og slysum erlendis voru samræmd þeim réttindum sem gilda gagnvart veikindum og slysum innanlands.

Samningur við ríkið

Í samkomulaginu felst launahækkun frá og með 1. mars sl. að lágmarki 8.000 krónur fyrir fullt starf á mánuði. Á launataxta lægri en kr. 230.000 kom sérstök hækkun til viðbótar um kr. 1.750. Greidd var eingreiðsla við samþykkt samningsins upp á kr. og í apríl 2015 greiðist önnur eingreiðsla að upphæð kr. 20.000 krónur miðað við fullt starf. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu ekki vera lægri en kr. 214.000 á mánuði frá 1. mars sl. fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelt hjá sömu stofnun. Desemberuppbót verður 73.600 á árinu 2014 og orlofsuppbót verður 39.500 krónur.

Önnur ákvæði:

Vaktir

Ef starfsmaður tekur vakt um helgi (eftir kl. 17

á föstudegi) eða að nóttu til með minna en 24 klst. fyrirvara skal greiða 2 klst. yfirvinnu miðað við 8 klst. vakt.

Fatapeningar

Fatapeningar frá 1. mars 2014 eru 17,36 kr. á unna klukkustund. Á stofnunum með sérstök meðferðarúrræði þar sem starfsmaður notar eigin fatnað er heimilt að greiða 4.115 krónur í sérstaka fatapeninga.

Önnur atriði

Staðfest var í samningnum heimild til að greiða starfsfólki sérstaklega fyrir tímabundið álag eða aðstæður, allt að kr. 30.000 á mánuði.

Semja skal um akstursgreiðslur til starfsmanna ef stofnun er staðsett a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis.

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækkuðu um 0,1% frá 1. mars 2014.

Aukið svigrúm veitt til að gera stofnana-samninga og eynamerktir peningar í þá.

Stjórnendur stofnana og fulltrúar starfsfólks fá fræðslu í gerð og framkvæmd stofnana-samninga. Einnig verður sett upp námskeið í gerð vaktskróa sem taka mið af líkamslukku og heilsuvernd.

Stofnanasamningar

Félagið er búið að ganga frá nokkrum stofnanasamningum og aðrir eru í vinnslu. Þessa samninga og aðra sem SGS er búið að ganga frá má finna á heimasíðu félagsins www.ein.is

Þegar blaðið fór í prentun var ekki búið að ganga frá nýjum kjarasamningi við sveitarfélögin.

Munið eftir www.ein.is

Örfá sæti laus í innanlandsferðina!

Innanlandsferð Einingar-löju verður farin dagana 11. til 14. ágúst 2014 og eru örfá sæti laus.

Fyrsta daginn verður farið með allskonar útúr-dúrum austur á Egilsstaði. Gist verður að Skipalæk í Fellabæ í þrjár nætur. Dagur 2: Farið verður eins og leið liggur í Loðmundarfjörð og margt skoðað á báðum leiðum. Á þriðja degi verður farið niður í Mjóafjörð og út á Dalatanga. Á fjórða degi verður ekið um Hellisheiði til Vopnafjarðar og þaðan til Þórshafnar og nýja veginn um Sléttu til Húsavíkur og þaðan til Akureyrar.

Fararstjóri verður Björn Snæbjörnsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögumaður Inga Rósa Þórðardóttir.

Ferðin kostar 38.000 krónur á mann og innifalið er allur akstur, svefnþokagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nestu sig sjálf.

Óafturkræft staðfestingargjald er 10.000 krónur.

Áhugasamir geta skráð sig á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, eða í síma 460 3600.

Reynslutími/ starfsþjálfun er líka vinna!

Að gefnu tilefni vill Eining-löja benda fyrirtækjum og félagsmönnum á þá staðreynd að þeir sem fengnir eru í starfsþjálfun eða til prufu í vinnu eiga að fá borgað fyrir þann tíma sem unnið er.

Of margir félagsmenn hafa leitað til okkar og sagt frá því að þeir hafi ekki fengið greitt fyrir vinnu þar sem þeir væru til prufu. Sérstaklega á þetta við í veitingageiranum.

Eining-löja bendir félagsmönnum, sem lent hafa í þessu, á að hafa samband við félagið og við munum ganga í málið.

Veist þú að

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Það þýðir að þú hefur sama rétt til að segja upp starfi og hefur sömu skyldu til að virða uppsagnarfrestinn og atvinnurekandinn hefur, ef hann segir þér upp. Uppsögn skal vera skrifleg. Uppsagnarfrestur er misjafn eftir kjarasamningum.



Tökum að okkur öll smíðaverkefni,
stór sem smá.

Áralöng reynsla
í gluggasmíðum, ísetningum
og rúðuskiptum.

Símar:
Sigurjón 983 5840
Hilmar 771 6816

MOYA 1.16 ÖFLUGT OG EINFALT VEFUMSJÓNARKERFI



WWW.STEFNA.IS

STEFNA
HUGBÚNADARHÚS

Frábær fræðsludagur



Árlegur fræðsludagur Einingar-löju fyrir trúnaðarmenn, starfsmenn og aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið fór fram föstudaginn 16. maí sl. Í ár var dagurinn haldinn í HOFI á Akureyri. Rúmlega 100 félagar tóku þátt í deginum sem tókst í alla staði mjög vel. Dagskrá dagsins var blanda af fyrirlestrum og hópavinnu. Stjórnandi fundarins var Ingvar Kristjánsson, formaður lðnaðar- og tækjadeildar.

Fyrir hádegi flutti Ásdís Olsen, kennari og sérfræðingur í Mindfulness, fyrirlestur sem bar nafnið Jákvæð sálfræði - 10 hamingjuráð. Hún lét fundarmenn bæði slaka á og fara í leiki á milli þess sem hún fjallaði um efnið á frábæran hátt. Næst var dregið á happdrætti og voru nöfn þriggja heppinna fundargesta dregin úr „hatti“. Lilja B. Hauksdóttir fékk tvo gistimiða fyrir tvo sem gilda á öllum Fosshótelum landsins, Erla Hrund Friðfinnsdóttir vann ferð fyrir tvo í siglingu með Sæfara til Grímseyjar og heim aftur, Ingibjörg Sigurðardóttir fékk eitt útilegukort sem gildir á rúmlega 40 tjaldsvæðum víðsvegar um landið. Að þessu loknu sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, frá orlofsjóði Einingar-löju. Hann fjallaði bæði um tilurð hans og hvað er í boði fyrir félagsmenn.

Eftir léttann hádegisverð sem kokkamir á 1862 Nordic

Bistro töfrðu fram flutti Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri Hagdeildar ASÍ, fyrirlesturinn Hvers vegna er stöðugleikinn ekki allra mál? Því næst steig Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, í pontu og kynnti starfsemi þeirra með fyrirlestrinum Hvað getum við gert fyrir ykkur? Þegar Erla hafði lokið máli sínu kynnti Björn Snæbjörnsson innviði félagsins með því að fara yfir verksvið starfsmanna.

Eftir kaffi kom Soffía Gísladóttir, forstöðumaður Vinnu-málastofnunar á Norðurlandi eystra, og fjallaði um stöðuna hér heima og réttindi milli landa. Í síðasta fyrirlestri dagsins fjallaði Björn aðeins um virkni félagsmanna. Síðasti dagskrárliðurinn var hópavinna, en þá var öllum skipt upp í hópa þar sem rætt var um virkni félagsmanna og leiðir til að virkja þá betur. Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ og Skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, hafði yfirumsjón með hópavinnunni.

Frábær dagur með fábæru fólki!



Heppnir fundargestir.

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Ein mikilvægasta ákvörðunin sem við tökum er að fjárfesta í íbúð. Þess vegna skiptir máli að hafa fjölbreytta valkosti og góða ráðgjöf í takt við ólíkar þarfir. Allt sem skiptir máli um íbúðalán, á landsbankinn.is/istuttumali.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Ýr Káradóttir
Viðskiptavinur Landsbankans



Hver ávaxtar peningana þína?



Íslensk verðbréf

- Eru elsta eignastýringarfyrtæki landsins
- Standa traustum fótum
- Ávaxta fjármuni einstaklinga sem og fagfjárfesta
- Hafa á að skipa reynslumiklu og traustu starfsfólki
- Hafa hagsmuni þína að leiðarljósi

Við öflum fyrir þig

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Strandgata 3, 600 Akureyri | Sigtún 42, 105 Reykjavík | Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@is.is



Aðalfundur Einingar-löðu

Aðalfundur Einingar-löðu var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri fimmtudaginn 10. apríl sl. „Þann 15. maí eru 15 ár síðan við stofnuðum Einingu-löðu úr tveimur merktum félögum Einingu og löðu. Síðan hafa Siglfríðingar bæst í hópinn, það er að segja Vaka að stórum hluta. Ég var svolítið hræddur um að þegar svona rótgrónum félögum væri steipt saman yrði einhver óánægja, en það er skemmst frá því að segja að það hefur mjög lítið borið á því og nú er svo komið að maður heyrir ekkert talað um þetta. Sameiningarnar hafa ekkert gert annað en að styrkja eyfirskt verkafólk í sinni baráttu, ekki síst hefur sameinað félag verið betur í stakk búið til að

taka á vandamálum, ef upp hafa komið. Þetta sýna kannanirnar sem við höfum látið gera undanfarið 3 ár en Capasent Gallup hefur árlega spurt 1.500 félaga um mörg málafni sem snerta félagið, þar á meðal hvernig félagsmönnum líki þjónusta sem veitt er til félaganna og hvort þeir beri traust til félagsins,“ sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar á fjölmennum aðalfundi félagsins.

Á fundinum var farið yfir ársreikninga félagsins og einnig voru kosnir 33 fulltrúar Einingar-löðu á ársfund Stapa.

Kjarasamningaár

Björn sagði að síðasta starfsár hefði verið kjara-

samningaár, allir samningar félagsins hafi verið undir. „Margir komu að þeim og má nefna að samninganefnd félagsins hefur aldrei komið jafn oft saman og hún gerði á starfsárinu.“ Björn minntist á að almennir samningar hefðu verið felldir hjá Einingu-löðu, eins og hjá svo mörgum. „Það er réttur sem okkar félagsmenn hafa, ef þeim líkar ekki við það sem samið er um og ekkert við það að athuga. Það er þó verulegt áhyggjuefni hve þátttakan í atkvæðagreiðslunni var lítil! Það voru einungis 24,60% sem tóku þátt í fyrri atkvæðagreiðslunni og aðeins 15,40% í þeirri seinni. Við þurfum virkilega að leita svara við því hvers vegna svo fáir létu skoðun sína í ljós. Það er svo líka áhyggjuefni að fólk virðist vera hætt að skoða lefsefnið sem það fær í hendurnar frá félaginu, en myndar sér skoðun eftir

Veist þú að

Atvinnurekendur eiga að halda eftir af launum starfsmanna iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar setja. Launafólki er frjálst að standa utan stéttarfélaga þótt því beri aftur á móti skylda til þess að taka þátt í fjármögnun kjarnahlutverks stéttarfélaganna sem er að gera lágmarks kjarasamninga sem ná til allra óháð formlegri félagsaðild.



því hvað það heyrir í útvarpi eða sjónvarpi. Ég hef rætt við marga sem halda því fram að í fyrri samningnum hafi laun hækkað um 2,80% og ekkert meira, en þegar betur er að gáð er hækkunin upp í 4,99%.

Háskólapróf í „peningafræðum“

Björn minntist einnig á málefni lífeyrissjóða og sagði m.a. að Eining-löja væri aðili að lífeyrissjóðnum Stapa og að félagið hafi ávallt átt fulltrúa í aðalstjórn sjóðsins, og hefur það verið formaður félagsins. „Mjög erfitt er að fá fólk til að gegna þessum störfum, þar sem leyfi þarf frá Fjármálaeftirlitinu til að taka sæti í stjórn eða varastjórn. Því miður virðist það vera stefna stjórnvalda að hinn almenni sjóðsfélagi hafi enga möguleika á því að geta tekið þetta að sér og hafa margir launþegar verið dæmdir óhæfir til setu í stjórn sjóðanna, að því er sýnist, vegna þess að þeir hafa ekki háskólapróf í „peningafræðum“. Við auglýstum eftir varamanni í stjórn Stapa frá félaginu og þrátt fyrir að margir hafa talað um að það sé ekki mikið mál að sinna þessu þá var engin biðröð eftir þessu sæti. Ef stjórnvöld halda að það sé nóg að hafa háskólagráðu til þess að geta verið stjórnarmaður eða varamaður í lífeyrissjóði, þá kom það nú berlega í ljós í hruninu að minnsta tapið var aldeilis ekki þar sem menntunin var mest. Eða haldið þið að það hafi vantað menntun hjá því fólk sem sat í bankaráðum og stjórnnum fyrir hrun, ég bara spyr?“

Í lok árs 2013 voru 203 félagsmenn Einingar-löju á atvinnuleysisrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með

Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn fimm heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.


Aðalvinningur kvöldsins var ferð fyrir tvo austur á land í síðsumarferð félagsins. Einnig voru í boði tvö gjafabréf á veitingahúsið Strikið eða Bryggjuna, hvort að upphæð kr. 10.000 og tvær helgarleigur í orlofshúsi félagsins á Illugastöðum næsta vetur.

Nöfn eftirfarandi félagsmanna voru dregin úr pottinum:

Dagbjört Óskarsdóttir fékk gjafabréf sem gildir fyrir tvo í Síðsumarferð félagsins austur á land dagana 11. til 14 ágúst 2014.

Róbert Þorsteinsson og Helga Ingólfsdóttir fengu gjafabréf að verðmæti kr. 10.000 á Strikið eða Bryggjuna.

Ingvar Kristjánsson og Tryggvi Jóhannsson fengu helgarleigur á Illugastöðum næsta vetur.



Vildarþjónusta

Nýttu þér skemmtileg
vildartilboð í Appinu



Skannaðu kóðann til að
sækja eða uppfæra Appið.



islandsbanki.is

Sími 440 4000



Íslandsbanki

Smurostar
við öll tækifæri





réttindum hjá félaginu. Þetta er fækkun um 124 frá árinu á undan.“ Björn sagði að mikið álagið hefði verið á skrifstofu félagsins á síðasta ári. Starfsmenn fá margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár. „Rúmlega 20.000 símhringar komu inn á skrifstofu félagsins og í gsm síma formanns síðastliðna 12 mánuði eða um 1.735 á mánuði. Það eru um 80 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er,“ sagði Björn og bætti við að mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launa-kröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga. „Vert er að minna á að félagið er með samning við PACTA lögmennt um að félagsmenn sem leita til þeirra án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli

fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löjla skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldadóttir ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnadóttir, Sigríður Þ. Jósepsdóttir, Hafðís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, og formenn deildanna þriggja, þau Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Margrét H. Marvinsdóttir.

Björn sagði frá því að Anna Guðný Guðmundsdóttir, sem var ráðgjafi hjá Virk, hefði

Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.005 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 716 fengu starfsmenntastyrki, 1.923 styrki úr sjúkrasjóði, 1.072 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 294 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 6.594.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fengu Mæðrastreksnefnd Akureyrar, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn sam-eiginlegan styrk að upphæð kr. 700.000 vegna jólaaðstoðar, lðnaðarsafnið á Akureyri kr. 150.000 og Krabbameinsfélag Akureyrar kr. 150.000.



Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2013. Alls fengu 186 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 79.328.810 og 1.737 fengu styrki að upphæð kr. 19.171.121. Samtals fengu því 1.923 félagsmenn styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 98.499.931.

Fjölmörg námskeið. Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. 17 félagsmenn sátu námskeið fyrir dyraveði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 13 sátu enskunámskeiði sem fram fór í SÍMEY. 18 þátttakendur tóku þátt í tveimur námskeiðum í jólakortagerð og var annað þeirra haldið í Fjallabyggð. Níu sátu námskeið í hvernig mála skal á keramik sem fram fór í Keramikloftinu á Akureyri og 16 félagsmenn tóku þátt í tveimur námskeiðum í Steinamálun. Tvö matreiðslunámskeið með bakstursváfi voru haldin á Dalvík þar sem fjölmargir félagsmenn tóku þátt. Nú stendur yfir framhaldsnámskeið á tölvur í samvinnu við SÍMEY og Tölvufræðsluna og sitja 12 félagsmenn það námskeið. Síðar í apríl stendur félagið fyrir Starfslokannámskeiði sem stendur yfir tvö kvöld. Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 716 einstaklingar, 450 konur og 256 karl, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2013, samtals að upphæð kr. 24.816.700, sem er hækkan um 1,8 milljón milli ára.

Orlofshús. Á árinu

2013 voru tæplega átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins, þar með taldar tvær sjúkrafíbúðir. Fyrr á þessu ári keypti félagið 10% hlut sem Bilstjóræfælag Akureyrar átti í Tjarnargerði og á því húsið að fullu. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löjla með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýtingin var mjög góð þrátt fyrir að óveður og ófærð settu strik í reikninginn bæði í upphafi og lok ársins. Einnig úthlutaði félagið 200 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali.“



Hvalfjarðargöng. Á síðasta ári seldi félagið um 9.300 miða í Hvalfjarðargöngin sem þýðir að félagsmenn hafa sparað sér um 3,4 milljónir með því að kíkja á einhverja skrifstofu félagsins og kaupa miða. Ef borgað er við göngin kostar hver ferð kr. 1.000 en miði hjá félaginu kostar kr. 635.

Orlofsferðir. Félagið stóð fyrir þremur orlofsferðum á síðasta ári, eins og undanfarin ár. 36 fóru í ferð til Þýskalands, 47 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Suðurland og 85 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn þar sem farið var um Melrakkaslétu til Raufarhafnar, Þórshafnar og Húsavíkur.



Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu HOFI þann 21. maí sl. Félagið átti rétt á 33 fulltrúum í ár.

hætt hjá félaginu á starfsárinu og þakkaði hann henni fyrir góð störf í þágu félagsins. Á starfsárinu var Hildur Petra Friðriksdóttir ráðin sem ráðgjafi hjá Virk. „Nokkrir hafa hætt í ráðum og nefndum fyrir félagið og er þeim þakkað fyrir þeirra störf. Í þeirra stað hefur valist þrýðisfólk. Það er ánægjulegt að vita að það er aldrei vandamál að fá fólk til starfa fyrir félagið. Hafið mikla þökk fyrir það. Við, sem störfum á skrifstofunum, þökkum fyrir öll góðu samskiptin á árinu og vonum að okkur hafi tekist að greiða úr sem flestu af því sem komið var með til okkar, hvort sem var í heimsóknnum eða í síma. Ég tala nú ekki um allar fyrirspurnirnar og erindin sem okkur berast í tölvupósti. Vonandi eigum við góð samskipti áfram og vonandi berum við gæfu til að gera góða hluti á komandi starfsári. Að lokum vil ég þakka öllum sem ég hef starfað með á árinu. Það er óendanlega gaman að vera í sambandi við allt það fólk sem maður hittir, bæði á skrifstofunni og á fundum, og ekki síst á förnun vegi. Takk fyrir mig og takk fyrir hönd starfsmanna félagsins, Sagði Björn að lokum.

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast árs-skýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.

Veist þú að

**Ef þú vinnur svart
færðu ekki laun í
sumarfrii eða þegar
þú veikist eða slasast.
Þú ert ekki tryggð/ur
ef slys verða og þú
stendur utan við öll
réttindi sem fylgir því
að vera launamanneskja.**



Nýir gullmerkjahafar ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: Björn Snæbjörnsson, Eyþór Karlsson, Hulda Einarsdóttir, Jakob Tryggvason og Anna Júlíusdóttir.

Þrír sæmdir gullmerki

Á aðalfundinum voru þrír félagar sæmdir gullmerki félagsins, þau Eyþór Karlsson, Hulda Einarsdóttir og Jakob Tryggvason. „Hafið mikla þökk fyrir ykkar störf,“ sagði Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Íðju, eftir að hann nældi gullmerk félagsins í þau.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru:

Eyþór Karlsson

Hann hefur starfað mikið fyrir félagið. Hann var lengi formaður lðnaðardeildarinnar og því í aðalstjórn félagsins. Eftir að deildunum var fækkað hefur hann verið varaformaður lðnaðar- og tækjadeildarinnar. Hann breytti svo um starfsvettvang nú í vetur og hætti þar með að vera í lðnaðar- og tækjadeildinni. Hann hefur lengi verið trúnaðarmaður á sínum vinnustöðum, verið í samninganefndinni og gengt fjölmörgum öðrum störfum fyrir félagið.

Hulda Einarsdóttir

Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórnun og ráðum innan Einingar-Íðju og verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hún hefur setið í trúnaðarráði, samninganefndum og verið lengi varamaður í stjórn sjúkrasjóðsins. Hún hefur verið öflugur talsmaður þeirra sem starfa í eldhúsum, ekki bara á félagssvæðinu heldur landinu öllu.

Jakob Tryggvason

Hann hefur verið virkur félagsmaður bæði hjá Íðju félagi verksmiðjufólks og hjá Einingu-Íðju eftir sameiningu félaganna. Hann var lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað, hefur setið í samninganefndum og trúnaðarráði, auk fjölda nefnda innan félagsins. Hann hefur setið í stjórn sjúkrasjóðsins um árabil. Hann hefur einnig skannað allar myndir, sem félagið á, inn á tölvudiska en þær skipta þúsundum.

**Sendum félagsmönnum Einingar-Íðju
sumarkveðjur**



To the members of Eining-löðja

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löðja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 39,500 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 39,000, in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

Fosshotels offer reduced rates

Eining-löðja will be selling coupons for accommodation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 6,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one

night. Breakfast is included. During high season, June, July and August, you have to pay per night with two coupons. The coupons are available at the Eining-löðja offices. Guests make their own bookings. Attention! When you order you must state that you have coupons. For more information see www.fosshotels.is



The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löðja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 6,500 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2014, the price of a room of this type is kr. 13,600. The coupons are available at the Eining-löðja offices.

Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings but reservation must be noted that the price will be paid with coupons.

For more information see www.hoteleda.is

Veiðikortið

Members of Eining-löðja can this summer buy Veiðikortið. The card is for sale at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 2,500 but full price is kr. 6,900. The card provides almost unlimited access to over 35 lakes throughout the country.

For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

Camping Card

Members of Eining-löðja can this summer buy the

Camping Card. The card is for sale at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 8,000 but full price is kr. 14,900. Camping Card holder, with the spouse and up to four children under the age of 16, can camp for up to 28 nights/units at 44 camp sites or as long as the camp sites are open for visitors. There are no limits to how often each visitor can visit each camp site within the 28 nights/units. For more information see www.utilegukortid.is

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löðja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-löðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.



Tanni Travel
Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is
+354-476-1399
www.tannitravel.is



„Gaman saman“ frá Pulu Café - Bistró

Að þessu sinni fékk blaðið hjónin Júlíus Júlíusson og Grétu Arngrímsdóttur sem eru eigendur og starfsfólk Pulu Café – Bistro í menningarhúsinu Bergi á Dalvík til að gefa lesendum blaðsins gómsæta sumarupp-skrift og segja lesendum aðeins frá staðnum.

„Pula er kaffihús, en við tökum líka á móti hópum stórum sem smáum í mat. Það er gott og þægilegt andrúmsloft á Pulu og gott að setjast þar niður með vinum eða fjölskyldu, nú eða t.d. bara til að læra. Bókasafn Dalvíkurbyggðar er í menningarhúsinu og þar er hægt að ná sér í bækur eða tímarit til að glugga í á kaffihúsinu. Hádegisverðarhlaðborð Pulu er þegar orðið þekkt fyrir góðan og vel útlátinn mat á sanngjörnu verði. Með hækandi sól mun opnunartími Pulu lengjast og margar nýjungar líta dagsins ljós.“

Á Pulu eru haldin sérkvöld í mat með ýmsu þema og eða viðburðatengt t.d. sjávarréttar-, sushi- eða sveitakvöld. Pula sér um árshátíðir, fermingar, brúðkaup og jólahlaðborð. Einnig er tekið á móti hópum sem eru í óvissuferðum eða samhristing og leggjum okkar framlag til ferðarinnar með góðum mat og jafnvel léttum leik. Nánari upplýsingar um Pulu veitir Júlíus í síma 897 9748 eða julli@julli.is

Gaman saman

800 gr skötuselur
8 lambalundir
2 laukar
20 steinlausar döðlur
graslaukur til skrauts
smjör
olía

Kryddlögur

8 hvítlauksgeirar
rósmarín af einni stórrí grein
salt eftir smekk
svartur pipar úr kvömm
3 dl olíuolía

Allt sett í matvinnsluvél.

Snyrtið skötuselinn og skerið í hæfilega bita sem eru ekki lengri en lundirnar. Notið beittan hníf með mjóu blaði til að



stinga í gegn og gera göng fyrir kjötið, farið varlega í þessa aðgerð. Takið aðeins af kryddleginum og notið til penslunar í lok grillunar. Leggið bitana í kryddlöginn ásamt lambalundunum í 2 til 4 klukkutíma, helming tímans í kæli og helming á eldhúsbekk. Takið hráefnið úr leginum og dragið lambalundirnar í gegnum skötuselsbitana. Grillið við ágætishita þar til að fiskurinn er vel laus á grillinu eða þar til að lambið er medium rare, snúið bitunum aðeins einu sinni, takið af grilli og látið biða í 4 til 8 mín. áður en hann er skorinn.

Skerið laukinn og döðlurnar smátt eða eftir smekk, setjið olíu og smjör á pönnu og látið laukinn fyrst á, síðan döðlurnar og látið malla við vægan hita þar til að laukurinn er orðinn mjúkur. Skerið bitana niður í hæfilegar sneiðar og leggið yfir döðlulaukinn á diskunum.

Með þessu er gott að hafa bakaða kartöflu og ferskt lollo rosso salat.



Júlli vel græjaður þegar eldri félagsmenn litu í kaffi fyrir leiksýningu.



15 ár liðin frá sameiningu



Á myndinni, sem tekin var að stofnundi loknum, má sjá stjórnarmenn í fyrstu stjórn Einingar-Löju. Efsta röð f.v.: Vilhjálmur Hróarsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Hilmir Helgason, Þorsteinn J. Haraldsson og Þorkell Ingimarsson. Miðröð f.v.: Elísabet Jóhannsdóttir, Guðrún Skarphéðinsdóttir, Arndís Sigurpáldóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Neðsta röð f.v.: Halldóra Höskuldsdóttir, Sigríður Bjarkadóttir, Sunna Árnadóttir, Björn Snæbjörnsson og Matthildur Sigurjónsdóttir.

Þann 15. maí sl. voru liðin 15 ár síðan formlega var gengið frá samruna Verkalýðsfélagsins Einingar og Löju, félags verksmiðjufólks á Akureyri. Þótt þetta sameinaða félag eigi sér þannig séð ekki langa sögu stendur það á gömlum merg því félögin eiga sér hvort um sig langa og merka sögu í baráttu verkafólks fyrir réttindum sínum. Sögu Löju má rekja allt aftur til ársins 1936 og er stofndagur félagsins talinn 29. mars það ár. Verkalýðsfélagið Eining varð til 10. febrúar 1963 með sameiningu Verkakvennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar. Rætur Einingar ná þó mun lengra aftur og má segja að fyrsta fræinu hafi verið sáð árið 1894 þegar Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar, hið eldra, var stofnað.

Fjölmenni var á stofnfundinum þar sem nýr formaður sagði m.a. að hann hefði miklar væntingar til hins nýja afls í eyfiskri verkalýðsbaráttu sem nú væri orðin til. „Þessar breytingar sýna hversu dugleg verkalýðshreyfingin er að laga sig að breyttum tímum og þjóðfélagsaðstæðum. Eyfiskrt verkafólk ríður eins og oft áður á vaðið í þessum efnun. Það er tilbúið að takast á við nýja tíma á nýrri öld þar sem verkalýðshreyfingin ætlar sér áfram að vera öflugt þjóðfélagsafl, aflvaki framfara og breytinga til batnaðar.“

Nýtt merki

Í kringum sameininguna þurfti m.a. að huga að nýju félagsmerki sem táknaði hið sameinaða félag.

Eftir var til samkeppni um nýtt merki og þótti hugmynd sem Bjarki Sigurðsson sendi inn best. Hann sagði að hugmyndin að merkinu hefði hann sótt að nokkru leyti til merkja félaganna. „Í heildina vildi ég að merkið táknaði afl og framsækni, fólk í kröfugöngu, öflugt verkalýðsfélag sem sækir fram, eins og þau eiga að sjálfsgöðu að gera.“



Öryggisæfing

Um miðjan apríl fór fram öryggisæfing hjá starfsmönnum félagsins, sem vinna á skrifstofunni á Akureyri, og starfsmanni Byggiðnar. Tveir starfsmenn frá fyrirtækinu Eldor, sem sérhæfir sig í eldvarnar- og öryggismálum, sáu um æfinguna. Fyrst var farið yfir rýmingaráætlun af skrifstofunni og hún æfð. Að því loknu var farið yfir eðli elds og kynnt notkun handslökkvitækja. Hlustað var á góðan fyrirlestur um notkun þeirra og mismunandi tegundir tækja kynntar, t.d. hvaða tæki er best á mismunandi tegundir elds. Í lok námskeiðs var farið á afvikinn stað og æfð handtökin við að slökkva eld. Eldur var kveiktur í stórra pönnu og allir fengu að prufa að nota handslökkvitæki til að slökkva hann.

Námskeiðið var mjög gott og fróðlegt. Það er nauðsynlegt að kunna réttu handtökin ef eitthvað

Í fyrsta tölublaði Einingar-Löjublaðsins, sem kom út 1999, var fjallað um sameininguna og voru nokkrir félagsmenn spurðir út í hvernig þeim litist á hana. Brot úr svörum þeirra má finna hér á eftir:

- Það er engin spurning um það að við erum miklu sterkari saman sem ein heild en sitt í hvoru lagi. Fyrir utan aðra kosti eins og öflugri sjóði fyrir landsmenn.
- Ég fagna mjög þessari sameiningu og lít svo á að eitt sterkt félag hljóti að vera beittara vopn í kjarabaráttunni.
- Það kom okkur á óvart hversu jákvæðir eldri félagar voru fyrir þessum breytingum.
- Ég er mjög sáttur við hana og tel að eitt stórt félag sé svo sannarlega sterkara vopn.
- Ég er mjög ánægð með hana og tel þetta löngu tímabæra breytingu.
- Ég get ekki annað sagt en að ég sé mjög ánægður með þessa sameiningu og tel að þarna hafi menn stigið farsælt spor í sögu verkalýðsbaráttunnar á Norðurlandi.
- Ég sé ekkert annað en gott við að félögin skuli hafa stigið þetta skref.
- Ég er alveg hæstánægð með þetta og það er ekki spurning um að við verðum mun sterkari sem heild þegar kemur að næstu kjarasamningaviðræðum.

kemur upp á. Það vissi t.d. enginn í hópnum að það tekur einungis 8 sekúndur að tæma 6 kg. duftslökkvitæki við fulla opnun. Því er betra að nota tækið á réttan hátt.

Skyndihjálp

Fyrir nokkru síðan fóru allir starfsmenn félagsins á námskeið í skyndihjálp hjá Rauða krossinum. Leiðbeinandi var Jón G. Knutsen og þótt margir höfðu áður lært skyndihjálp var gott að rifja upp kunnáttuna og auðvitað læra nýjar aðferðir því hlutirnir breytast í þessu sem öðru. Slík námskeið eru fyrir þá sem vilja læra skyndihjálp og endurlífgun og öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum með því að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp.

Góðar upplýsingar um skyndihjálp má t.d. finna á www.skyndihjalp.is

PACTA lögmenn með skrifstofur í Fjallabyggð og Dalvík

„sinnum allri almennri lögmennspjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki“

Í janúar sl. opnuðu PACTA lögmenn formlega skrifstofur sínar á Siglufirði og á Dalvík. Skrifstofur PACTA eru í húsnæði Einingar-löju við Eyrargötu á Siglufirði og Hafnarbraut á Dalvík og eiga félagsmenn Einingar-löju, sem og aðrir íbúar sveitarfélaganna, því greiðan aðgang að lögmennspjónustu í sinni heimabyggð. Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson, héraðsdómslögmaður hjá PACTA, hafði umsjón með opnun skrifstofanna og segir hann að viðtökunar hafi verið góðar.

„Það er óhætt að segja að við höfum fundið mikinn meðbyr og að fólk er almennt ánægt með að geta sótt lögmennspjónustu í sinni heimabyggð. Við höfum verið með fasta viðveru að minnsta kosti einu sinni í mánuði á hvorum stað



auk þess sem starfsmenn Einingar-löju í útibúunum hafa séð um móttöku gagna, símsvörun og almennar fyrirspurnir þegar þess hefur þurft.“

Mikið hagsmunamál

Ásgeir segir að í nútímapjöðfélagi þykir flestum það mikið hagsmunamál að geta sótt alla þjónustu í sinni heimabyggð. „Við teljum að með þessu séum við að svara því kalli. Lögmennspjónusta er oft á tíðum persónuleg þjónusta og flestum mikilvægt að geta sótt slíka þjónustu í sínu sveitarfélagi. Félagsmenn Einingar-löju hafa verið sérstaklega duglegir að leita réttar síns vegna ýmissa mála, en þeir njóta sérkjara í gegnum félagsaðild sína. Við leggjum þó áherslu á að við sinnum allri almennri lögmennspjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, svo þjónustan er ekki bara ætluð félagsmönnum Einingar-löju.“

„Samstarf okkar við Einingu-löju undanfarin ár hefur gefist vel og þegar okkur bauðst aðstaða í húsnæði félagsins á Siglufirði og á Dalvík ákváðum við að nú væri tækifæri til þess að útvíkka þjónustu okkar. Eins og áður segir höfum við fundið það bæði frá einstaklingum og aðilum úr

atvinnulífinu að fólk kann vel að meta þjónustu okkar í bæjarfélögunum. Að okkar mati er það jafnframt mikilvægt að þjónustustig minni sveitarfélaga sé á pari við það sem gerist í stærri sveitarfélögum og höfum við haft það að markmiði okkar að gera hvað við getum til þess að stuðla að því að svo megi verða. Þess má geta í þessu samhengi að PACTA lögmenn eru með skrifstofur á 13 stöðum víðsvegar um landið, en á Norðurlandi eru skrifstofur PACTA á sex stöðum; Akureyri, Húsavík, Blönduósi og Sauðárkróki auk hinna nýju skrifstofa á Siglufirði og Dalvík,“ sagði Ásgeir að lokum.

Á skrifstofu PACTA lögmanna á Akureyri starfa auk Ásgeirs, Ólafur Rúnar Ólafsson hrl., Gunnar Sólmes hrl. og Sunna Axelsdóttir lögfræðingur.



Ferð fyrir eldri félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin

Þriðjudaginn 24. júní nk. Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, greitt í rútunni.

Lagt verður af stað kl. 9:00 með rútu frá Alþýðuhúsinu á Akureyri. Farið um Öxnadalshéið til Sauðárkróks þar sem snæddur verður hádegisverður. Þaðan verður ekið fyrir Skagann og yfir Þverárfjall og síðan til Siglufjarðar þar sem drukkið verður kaffi. Að því loknu verður ekið til Akureyrar á ný.

Skráning í ferðina er á skrifstofum félagsins og í síma 460 3600 til 19. júní nk.

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð





1. maí hátíðarhöld

– fjölmenni á fyrsta útifundi síðan 1965

Mikið fjölmenni safnaðist saman í blíðunni á Akureyri til að taka þátt í fjölmennri kröfugöngu sem stéttarfélögin á Akureyri stóðu fyrir þann 1. maí sl. á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Á annað hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.



Kjörorð dagsins voru; „Samfélag fyrir alla“ Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Ráðhústorgi, þar sem fram fór útifundur í tilefni dagsins. Eftir því sem best er vitað var þetta fyrsti útifundur á Akureyri á 1. maí síðan 1965. Helgi Jónsson, formaður Rafiðnaðarfélags Norðurlands, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var boðið upp á skemmtiatriði á torginu, þar sem Eyþór Ingi Gunnlaugsson söng nokkur lög, Skralli trúður var á svæðinu og spjallaði við börn á öllum aldri auk þess að fremja talnagjörming upp á sviði. Þá söng Jónas Þór Jónasson „Nallann“ í upphafi fundar og lauk hátíðinni með því að syngja Maistjörnuna við undirleik Pálma Björnssonar. Að dagskrá lokinni var boðið upp á glæsilegt kaffihlaðaborð í Menningarhúsinu HOFI.

Ávörp dagsins má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is

1. maí ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2014

Hvert er hlutverk íslenskrar verkalyðshreyfingar í dag, auk hefðbundinnar kjarabaráttu. Jú það er að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafna tækifæri launafólks og alls almennings í þessu landi. Í nóvember 2013 gaf ríkisstjórn Íslands út þá yfirlýsingu að hún ætlaði að haga stefnu sinni og ákvörðunum út frá þeim markmiðum að stöðugleiki héldist í landinu og að

Munið eftir www.ein.is

samráð yrði haft við verkálýðshreyfinguna um hin ýmsu mál ekki síst peningamálin. Nú hefur komið á daginn að orðin „stöðugleiki, lág verðbólga aukinn kaupmáttur“ voru og eru bara orðin tóm.

Almennt verkafólk samdi um 2,8% launahækkun í febrúar sl. og vildi með því standa við þau fyrirheit að stuðla að stöðugleika í peningamáli, og halda verðbólgu niðri. Síðan hafa ýmsir aðrir launþegahópar sem gert hafa samninga ekki verið tilbúnir að taka þátt í að skapa þann stöðugleika sem um var talað, og samið um miklu hærri launahækkanir en samið var um á almennum vinnumarkað. Það gengur ekki lengur að bæði ríkisvald og sveitarfélög samþykki öll þessi frávik frá þeirri megin stefnu sem lágu til grundvallar þeim kjarasamningum sem gerðir voru í desember og febrúar sl. Það er ekki hægt að sætta sig við að að almennu launafólki sé mismunað með þeim hætti sem gert hefur verið og þolinmæði þess er algjörlega komin að þolmörkum.

Það er líka með öllu ólíðandi að fólk skuli þurfa að neita sér um þjónustu heilbrigðisstofnana og kaup á lyfjum vegna kostnaðar. Á sama tíma kemur fram á Alþingi frumvarp frá háttvirtri ríkisstjórn þar sem kveðið er á um að heimilt verði að greiða kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja allt upp á tvöföldun árslauna þeirra. Það er ríkisvaldinu til háborinnar skammar að leggja línu um slíka óráðsú innan fjármálafyrir-



Sendum félagsmönnum Einingar-Íðju sumarkveðjur



SPARISJÓÐUR
Siglufjarðar



Fjallabyggð

[**RUB23**]
RESTAURANT



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Möldur

National
Car Rental



Grýtubakkahreppur



SAMHERJI HF



LOSTÆTI
VEISLU- OG VEITINGARJÓNUSTA



BECROMAL
ALUMINIUM FOIL FOR ELECTROLYTIC CAPACITORS



Slippurinn
AKUREYRI



Útrás
Smíðja
Sími 461 2911 / 896 3280



TUNNAN
PRENTJÓNUSTA
S. 467-1288
www.tunnan.is



Alþýðusamband Íslands



LÖGMANNSSTOFA



RAFORKA
LÖGGILTIR RAFVERKTAÐAR



tækja. Við þurfum ekki annað en skoða launaþróun undanfarinna ára hjá þessum fjármálafyrirtækjum, þá sést að launaskrið innan þeirra er miklu meira en gerist á almennum vinnumarkaði.

Stjórnvöldum er í lófa lagið að draga úr misskiptingu í samfélaginu en það verður ekki gert með slíkum öfgum bara í eina átt. Það væri nær að nýta mögulegt svigrúm til að hækka laun á almennum vinnumarkaði í stað slíkrar óráðsýu. Það er ekki þaðlegt að stjórnvöld fari fram með þessum hætti þegar almennt launafólk þessa lands er á fullu að leita leiða til að skapa stöðugleika, m.a. með hóflegum launahækkunum. Það er engin hætt á að launafólk þessa lands láti bjóða sér slíkt öllu lengur. Það er eins og stjórnvöld séu á annarri plánetu en almenningur í þessu landi. Slík er framkoman. Það hlýtur að vera krafa okkar í komandi kjaraviðræðum að slíkt kaupaukerfi verði komið á hjá almennum launþegum dragi ríkisstjórnin ekki frumvarpið til baka.

Það hefur fæst í vöxt að einstaklingar og fjölskyldur hafi ekki efni á að búa í mannsæmandi húsnæði af fjárhagslegum ástæðum og þurfa þess vegna að sætta sig við óásætlanlegar aðstæður í þeim efnum. Eins er fólk gert erfitt fyrir að kaupa eða reka eigið húsnæði vegna núverandi aðstæðna í þjóðfélaginu. Þetta er með öllu óásætlanlegt. Þá er menntakerfið í dag ekki að svara kröfum um möguleika til náms sem svarar þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Eins hefur kostnaður vegna framhaldsnáms margfaldast og stór hópur fólks hefur ekki efni á að senda börn sín í framhaldsskóla.

Þessi staða gerir það að verkum að atvinnulífið staðnar og litlar sem engar framfarir verða til í íslensku samfélagi. Er það þetta sem við viljum? Svarið er NEI.

Þúsundir einstaklinga eru atvinnulausir í dag. Ekki síst unga fólk sem hefur aldrei náð að festa sig í sessi á vinnumarkaði, m.a. vegna skorts á möguleikum til að mennta sig vegna kostnaðar. Atvinna fyrir alla er að sjálfsögðu krafa í dag og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Virkni og almenn atvinnuþátttaka er jafnframt mikilvæg forsenda og undirstaða velferðarsamfélagsins. Við viljum ekki þessa þróun, sem virðist vera að koma upp í íslensku samfélagi. Ekki heldur svona samfélag. Við viljum samfélag þar sem allir fá að njóta sín og fá tækifæri til að blómstra, burt séð frá efnahagsstöðu. Það er og á að vera hlutverk verkálýðshreyfingarinnar að byggja upp og standa vörð um réttlátt samfélag.

Fyrsta máinefnd stéttarfélaganna á Akureyri.



Leikhúsfærð fyrir lífeyrisþega félagsins

Á sumardaginn fyrsta, bauð Eining-löja félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar á leikritið Fullkomið brúðkaup sem sýnt var hjá Leikfélagi Dalvíkur. Á undan sýningu var boðið upp á kaffiveitingar á kaffihúsinu þulu sem er í Menningarhúsinu Bergi. Hátt í 100 félagsmenn þáðu boðið og skelltu sér í kaffi og á skemmtilega leiksýningu. Fleiri myndir má finna á heimasíðu félagsins.



Sendum félagsmönnum Einingar-Jöju sumarkveðjur

netto

akureyri@netto.is



Landsmennt

www.landsmennt.is



Ríkismennt

www.rikismennt.is



Sveitamennt

www.sveitamennt.is

RAFTÁKN

VERKFRÆÐISTOFA

EIMSKIP

Yfir hafid og heim



Sjómannfélag Eyjafjarðar



HVAMMUR

EIGNAMIDLUN

Pakkhúsið • Hafnarstræti 19 • Opð alla virka daga kl.9-17
Sími 466 1600 • www.kaupa.is

Landflutningar

samskip

Deloitte

www.deloitte.is



EYJAFJARÐARSVEIT



PROMENS

NS

NÓI SÍRÍUS

form

ARKITEKTAR HÖNNUDIR

KALIBRANGI UMÞYÐINGAR 200 AKUREYRI SÍMI 466 2000



LANDSNET



KEA



SALKA-FISKMIDLUN HF
NORFISH LTD. DALVÍK

Við erum hér fyrir ykkur



Á Aðalskrifstofu Einingar-Íðju, sem er á 2. hæð í Alþýðuhúsinu að Skipagötu 14 á Akureyri, eru sjö starfsmenn ásamt fjórum ráðgjöfum hjá VIRK. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00. Einn starfsmaður er á Dalvík og sömuleiðis einn í Fjallabyggð.

Skrifstofa félagsins á Dalvík er í Hafnarbraut 5 og er opin alla virka daga á milli kl. 9:00 og 14:00, nema miðvikudaga þegar hún er opin milli kl. 9:00 og 16:00. Í Fjallabyggð er skrifstofan staðsett í Eyrargötu 24b á Siglufirði og er opið alla virka daga á milli kl. 9:00 og 15:00.

Félagið hefur einnig svæðisfulltrúa sem eru til þjónustu við félagsmenn í Fjallabyggð, Ólafsfjarðarmegin, í Hrísey og á Grenivík.

Þrír starfsmenn starfa á kjarasviði hjá félaginu, þetta eru þau Anna, Björn og Þorsteinn. Þau svara m.a. fjölmörgum fyrirspurnum um kjaramál, bæði frá félagsmönnum og atvinnurekendum. Brynja, Margrét Jónsdóttir og Freydis taka á móti þeim sem koma á skrifstofu félagsins og eru vanalega þær fyrstu sem svara í símann. Ásgrímur er upplýsingafulltrúi, Margrét Einarsdóttir er innheimtufulltrúi og Sigrún er skrifstofustjóri. Á Eyjafjarðarsvæðinu starfa fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði, þær Dalrós, Elsa, Hildur Petra og Nicole. Þær eru starfsmenn Einingar-Íðju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri.

Hér á eftir má finna aðeins meiri upplýsingar um starfsfólk félagsins:



Anna Júlíusdóttir er varaformaður félagsins. Hún er þjónustufulltrúi Matvæla- og þjónustudeildar og gegnir einnig ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Hún situr í ýmsum ráðum og nefndum og situr í stjórn Fiskifélags Íslands og Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.

Ásgrímur Örn Hallgrímsson er upplýsingafulltrúi Einingar-Íðju. Hann sér m.a. um heimasíðu félagsins, er ritstjóri félagsblaðsins, útbýr auglýsingar, bæklinga og allskonar kynningarefni. Hann er starfsmaður aðalstjórnar og samninganefndar ásamt því að vera eftirlitsfulltrúi með vinnustaðaskirteinum. Ásgrímur situr í stjórn Fjölsmiðjunnar fyrir hönd félagsins.



Björn Snæbjörnsson er formaður félagsins, yfirmaður 13 starfsmanna og þjónustufulltrúi Opinberu deildarinnar. Björn útbýr árlega fjárhagsáætlun og á hverjum fundi aðalstjórnar leggur hann fram uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig



Brynja Skarphéðinsdóttir er afgreiðslu- og fræðslufulltrúi félagsins. Hún annast m.a. almenna afgreiðslu og símsvörun. Hún heldur utan um félagatal og trúnaðarmannakerfið, skipuleggur námskeið og veitir upplýsingar varðandi styrki úr fræðslusjóðunum Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt.

veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs. Björn gegnir fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir hönd félagsins, hann er í miðstjórn ASÍ, er formaður SGS og í stjórn Stapa. Auk þessa situr hann fjölmarga fundi viðsvegar um félagssvæðið.



Freydis Antonsdóttir er starfsmaður á skrifstofu Einingar-Íðju á Dalvík og varasvæðisfulltrúi félagsins á svæðinu. Hún sér t.d. um vinnumiðlun svæðisins.

Margrét Einarsdóttir er innheimtustjóri Einingar-Íðju. Hún sér t.d. um skráningu fjárhagsbókhalds og innheimtu félags- og sjóðagjalda. Hún móttækur líka og afstemmir iðgjalda skilagreina og sér um skráningu félags- og sjóðagjalda fyrir Byggið.



Margrét Jónsdóttir er starfsmaður á skrifstofu Einingar-Íðju í Fjallabyggð. Hún er svæðisfulltrúi á Siglufirði og situr því í aðalstjórn félagsins. Hún sér t.d. um vinnumiðlun svæðisins og skráir skilagreinar.

Sigrún Lárusdóttir er skrifstofustjóri og gjaldkeri. Hún sér einnig um orlofshúsakerfið og allt í sambandi við orlofsmál. Sigrún er formaður stjórnar sjúkrasjóðs og sér um að greiða út alla styrki til félagsmanna.





Þorsteinn E. Arnórsson er þjónustufulltrúi lðnaðar- og tækjadeildar. Hann sér um lögfræðisamskipti t.d. vegna innheimtumála og gjaldþrota. Hann er starfsmaður samninganefndar og er eftirlitsfulltrúi með vinnustaðaskirteinum. Hann fer víða með fræðslu, t.d. í skóla og hann hefur umsjón með skjalasafni félagsins.



Dalrós J. Halldórsdóttir er ráðgjafi í starfsendurhæfingu og starfar fyrir öll félögin á Eyjafjarðarsvæðinu. Dalrós er með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löðu í Fjallabyggð á miðvikudögum.



Elsa Sigmundsdóttir er verkefnastjóri hjá VIRK og ráðgjafi í starfsendurhæfingu. Hún starfar fyrir öll félögin á Eyjafjarðarsvæðinu. Elsa er með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löðu á Dalvík á þriðjudögum.

Hildur Petra Friðriksdóttir er ráðgjafi í starfsendurhæfingu og starfar fyrir öll félögin á Eyjafjarðarsvæðinu.



Nicole Kristjánsson er ráðgjafi í starfsendurhæfingu og starfar fyrir öll félögin á Eyjafjarðarsvæðinu. Hún er með mikla tungumálakunnáttu sem auðveldar móttöku erlendra félagsmanna sem leita til félagsins.

Nánari upplýsingar um verksemi starfsmanna félagsins má finna á www.ein.is



Þekkir þú þinn rétt?

Um þessar mundir stendur Starfsgreinasamband Íslands fyrir átaki undir yfirskriftinni „Þekkir þú þinn rétt?“. Tilgangurinn með áttakinu er að vekja unga einstaklinga, sem margir hverjir eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum í sumar, til umhugsunar um réttindi sín á vinnumarkaði, en því miður er raunin oft sú að unga fólk er illa að sér um réttindi sín og skyldur.

Eining-löða og önnur stéttarfélög um allt land hafa orðið vör við að ungt fólk sé látið vinna svokallaða „prufudaga“ án launa, þá er jafnaðarkaup ennþá töluvert algengt og sömuleiðis gerviverktaka. Nauðsynlegt er að fólk þekki rétt sinn og skyldur varðandi vinnutíma og að ekki er hægt að kalla til fólk á vaktir og senda það heim fyrirvaralaust án launa eins og vill brenna við.

Þetta eru nokkur dæmi um það sem Starfsgreinasambandið telur tilefni til að minna ungt fólk á að varast þegar það stígar sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum.

Á næstunni munu félagsmenn og aðrir verða varir við auglýsingar frá félaginu þar sem fram koma nokkrar grunnupplýsingar um það sem ungt fólk þarf að vita þegar það tekur í fyrsta sinn þátt á vinnumarkaðnum.

■■■■ pacta.is

Fagmenn á heimavelli



Ásgeir Örn Blöndal hdl. hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, 1. júní 2008.

Gunnar Sólmes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Meðal verkefna fyrir einstaklinga eru:

Fjölskyldumál
sifjaréttur, forræðismál, barnavernd
Hjúskaparmál
kaupmálar, sambúðarslit
Húsnæðismál
fasteignakaup, fjöleignahús, leiguréttur
Erfðamál
erfðaréttur, erfðaskrár, dánarbú
Slysamál
slysabætur vegna umferða-, vinnu- og frítimaslysa

Pacta lögmenn hafa nú aukið þjónustu sína á Norðurlandi og opnað starfsstöð við Eyrargötu 24b á Siglufirði í Fjallabyggð þannig að heimamenn eigi styttra að sækja lögmennspjónustu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öflugu liði 23 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

■ Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

Pacta lögmenn · Sími 440 7900

Dalvík
Hafnargötu 5
620 Dalvík

Siglufjörður
Eyrargötu 24b
580 Siglufjörður

Ákureyri
Hafnarstræti 91-95
600 Ákureyri

Húsavík
Garðarsbraut 5
640 Húsavík

PACTA
L Ö G M E N N



Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs



Fjölmennur ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn 21. maí sl. í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri. 33 fulltrúar frá Einingu-löðu áttu rétt á setu á fundinum þar sem Björn Snæbjörnsson, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2013. Þá fór Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri yfir ársreikninga sjóðsins og áritanir og tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson gerði grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Var ársreikningur sjóðsins samþykktur samhljóða að yfirferð lokinni. Einnig kynntu fjárfestingastjóri Arne Vagn Olsen og áhættustjóri Jóna Finndís Jónsdóttir fjárfestinga- og áhættustefnu sjóðsins.

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir ársfundinn en stjórnarkjör fór fram að vanda og samkvæmt samþykktum sjóðsins bar að þessu sinni að kjósa fjóra fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa launagreiðenda.

Stjórn Stapa skipa í dag:

Frá launamönnum: Björn Snæbjörnsson (varaformaður), Huld Aðalbjarnadóttir, Pálína Margeirsdóttir og Þórarinn Sverrisson. Varamenn: Erla Björg Guðmundsdóttir, Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Sverrir Mar Albertsson og Tryggvi Jóhannsson.

Frá launagreiðendum: Ágúst Torfi Hauksson (formaður), Gunnþór Ingvarsson, Kristín Halldórsdóttir og Unnur Haraldsdóttir. Varamenn: Björn Víkingur Björnsson, Erla Jónsdóttir, Sigurður Sigurðsson og Þórunn Sif Harðardóttir.

Í lok fundar fór Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, yfir fróðlega kynningu á samanburði á réttindaávinnslu ásamt grófri yfirferð á hvað felst í upptöku á nýju réttindakerfi. Í framhaldinu var samþykkt tillaga stjórnar um að stefnt yrði að auka ársfundi haustið 2014, til frekari kynningar, og endanleg ákvörðun um upptöku nýs kerfis verði tekin á ársfundi sjóðsins 2015.

Á árinu 2013 greiddu 18.705 sjóðfélagar hjá 2.668 launagreiðendum iðgjöld til Tryggingadeildar sjóðsins. Iðgjöld ársins námu alls 6.454 millj. kr. Iðgjöld til Tryggingadeildar voru 6.315 millj. kr. og hækkuðu um 6,6% frá fyrra ári en iðgjöld til Séreignardeildar lækkuðu um 10,6% milli ára og voru 139 millj. kr. Fjöldi virkra sjóðfélaga þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 12.757 hjá Tryggingadeild og 751 hjá Séreignardeild.

Heildarlífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar sjóðsins á árinu námu 3.671 millj. króna og hækkuðu um 7,3% frá fyrra ári. Ellilífeyrir nam 2.418 millj. kr. örorkulífeyrir nam 1.010 millj. kr., makalífeyrir nam 205 millj. kr. og barnalífeyrir 38 millj. kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr Séreignardeild 232 millj. kr. Þar af var sérstök útborgun séreignar skv. lögum 113 millj. króna. Lífeyrisþegar í árslok voru 7.337.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2013 var 178 millj. kr. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,12%. Stöðugildi á árinu voru 12,4 og námu heildar launagreiðslur 113 millj. kr. á árinu.

Munið eftir www.ein.is

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 139.330 millj. króna og hækkaði um 9,1% frá fyrra ári. Nafnávöxtun deildarinnar var jákvæð um 6,8% og raunávöxtun 3,03%. Hrein eign Séreignardeildar var 4.172 millj. kr. og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári. Séreignardeildin býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir, Safn I, Safn II og Safn III og var hrein raunávöxtun leiðanna 4,3%, 4,1%, og 2,8% á árinu.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu Tryggingadeildar sjóðsins í árslok 2013. Tryggingafræðileg afkoma ársins var neikvæð um 2.174 millj. kr. og var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð í árslok um 11.408,2 millj. kr. eða 4,6%.

Líkt og undanfarin ár er Akureyrarkaupstaður stærsti launagreiðandi til sjóðsins með rétt um 319 milljónir króna í iðgjaldgreiðslur á árinu. Alls greiddu 2.668 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins á árinu 2013. Þar af greiddu 15 stærstu launagreiðendurnir sem svarar til 36% af iðgjöldum.

Krefjandi ár

Björn stjórnarformaður kom víða við er hann flutti skýrslu stjórnar. M.a. kom fram að árið 2013 hefði að vissu leyti verið krefjandi ár fyrir Stapa. Hinn hefðbundni rekstur sjóðsins hefði gengið vel og sama má segja um þær skipulagsbreytingar sem farið var í árið 2012. Rekstur sjóðsins og allt innra starf er markvissara en áður og skipulag á innra eftirliti og áhættustýringu er í fastari skorðum. Ávöxtun ársins 2013 var á hinn bóginn undir markmiðsávöxtun sjóðsins og mætti það alfarið rekja til þeirrar fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur valið og viljað halda sig við. Stefnan er varkár þar sem verulegur hluti eignanna er í ríkisskuldabréfum, en ávöxtun ríkisskuldabréfa var slök á árinu 2013. „Stjórn sjóðsins hefur viljað fara varlega í sakirnar, enda mikið ójafnvægi enn til staðar í efnahag landsins. Þótt gjaldeyrishöft hafi skapað visst skjól fyrir innlendan efnahag þá eru undirliggjandi vandamál, vegna mikilla skulda við erlenda aðila, óleyst. Afletting hafta er snúið og áhættusamt verkefni, sem getur haft mikil neikvæð áhrif á íslenskan fjármálamarkað. Afletting er þó nauðsynleg, enda skapa höftin veruleg vandamál fyrir rekstur fólks og fyrirtækja. Gjalddeyrishöft auka spillingu, draga úr hagvexti til lengri tíma lítið og hafa óeðlileg áhrif á eignaverð. Við þessar aðstæður hefur stjórn sjóðsins viljað fara varlega í að auka um of vægi innlendra

hlutabréfa minnug þess að innlendur hlutabréfamarkaður er þröngur, seljanleiki lítill og afletting gjaldeyrishafta gæti haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti innlendra hlutabréfa.“

Fjárfestingarkostir

Björn sagði að gjaldeyrishöft og þröngar heimildir til fjárfestinga, sem sjóðunum eru settar í lögum, stuðla að fátæklegri fjárfestingarkostum og minni möguleikum til áhættudreifingar en annars væri. „Einföld breyting á regluverki gæti á hinn bóginn aukið fjárfestingamengi sjóðanna og stuðlað þannig að auknum fjárfestingum fyrirtækja og heilbrigðari fyrirtækjaflóru. Því miður virðist lítil áhugi á breytingum af því tagi. Þess í stað er þessari eftirspurn sinnt í gegnum „skuggabankakerfi“ þ.e. fagfjárfestingsjóði sem gefa út skráð skuldabréf. Sú aðferð dregur úr gagnsæi, eykur flækjustig og hættuna á að misvægi verði í greiðsluflæði vegna þessara verkefna.“

Hæfnismat

Björn sagði að fjármálaeftirlitið hefði haldið áfram að taka nýja stjórnarmenn í hæfnismat, auk þess sem lagt er mat á hæfi varamanna í stjórn út frá innsendum upplýsingum. „Eftirlitið hefur ekki skilgreint hver lágmarksþekking stjórnarmanna á að vera, en eins og áður er fyrst og fremst lögð áhersla á menntun á sviði viðskipta- og lögfræði, auk reynslu af stjórnarstörfum. Ekki virðist lítið neitt til þekkingar á réttindamálum eða kjörum og aðstæðum þeirra sem eru tryggðir í lífeyrissjóðunum. Sjónarmið um að heppilegt sé að stjórnarmenn hafi fjölbreytta hæfni, þekkingu og reynslu virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá eftirlitinu. Ekki virðist heldur lítið til þess hvort viðkomandi er sjóðfélagi í viðkomandi sjóði og hafi því hagsmuni af því hvernig sjóðnum vegnar. Þessi stefna eftirlitsins virðist ekki byggð á neinum rannsóknum eða reynslu af því hvernig heppilegast sé að setja saman stjórnir. Tveimur varamönnum í stjórn sjóðsins hefur verið vikið úr stjórninni af hálfu eftirlitsins frá síðasta ársfundi, algerlega byggt á menntun þeirra og reynslu án þess að talað sé við viðkomandi. Hér er um að ræða almenna sjóðfélaga sem eru að greiða til sjóðsins. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir aðildarfélög sjóðsins ef almennir sjóðfélagar, sem eru eigendur sjóðanna, hafa enga möguleika á að gæta hagsmuna sinna með setu í stjórnun þeirra.“

Nánar má lesa um ársfundinn á www.stapi.is



Do członków związku Eining-Iðja

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Umowa o pracę (Ráðningarsamningar)

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 39.500 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 39.000, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Zgodnie z umowami zawartymi z Federacją Pracodawców (Samtök Atvinnulífssins) należy wypłacić dodatek urlopowy na początku okresu urlopowego, ale nie później niż 15. sierpnia. Pracownicy zatrudnieni zgodnie z umowami Państwowej Komisji Umów Pracowniczych (Samninganefnd ríkisins) mają otrzymać wypłatę tego dodatku 1. czerwca, natomiast w umowach zawartych przez Komisję Zarządów Lokalnych do Spraw Płacowych (sveitarfélög) znajduje się zapis, że dodatek urlopowy należy wypłacić 1. maja.

Fosshotels oferują obniżone stawki

Eining-Iðja będzie sprzedawał kupony zakwaterowania we wszystkich Fosshotels hoteli w Islandii. Cena jednego kuponu jest kr. 6.500 i to jest ważne dla dwóch osób w pokoju dwuosobowym z umywalką za jedną noc. Śniadanie jest wliczone. Kupony są dostępne w biurach Eining-Iðja. Gość tworzyć własne rezerwacje.

Aby uzyskać więcej informacji zobacz www.fosshotels.is

W hotelach Edda oferują obniżone stawki

Eining-Iðja będzie sprzedawał kupony zakwaterowania we wszystkich Edda hoteli w Islandii. Cena jednego kuponu jest kr. 6.500 i to jest ważne dla dwóch osób w pokoju dwuosobowym z umywalką za jedną noc. Cena nie obejmuje śniadania. Członkowie Unii nie straci punktów kredytowych kupując te kupony co czyni tę atrakcyjną opcją, ponieważ, według cennika Edda hoteli na lato 2014, cena pokoju tego typu jest kr. 13.600. Kupony są dostępne w biurach Eining-Iðja. Dzieci mogą dzielić pokoje z dorosłymi bez dodatkowych opłat, jeśli ludzie zabrać śpiącego bielizny worek lub łóżko. W hotelach Edda zapewnia materaców w razie potrzeby. Kupony mogą być stosowane we wszystkich Edda hoteli w całym kraju. Gość tworzyć własne rezerwacji.

Aby uzyskać więcej informacji zobacz www.hoteleda.is

Karta Camping

Członkowie jednostek przemysłowych można kupić karty kemping w siedzibie firmy notowaniach. 8.000 ale pełna cena jest kr. 14.900. Karta Camping daje jej posiadaczowi prawo do pozostania z małżonkiem i do czterech dzieci do lat 16 w drodze na 46 kempingów w całym kraju. Teraz każda karta ograniczony do 28 dni każdego lata. Posiadacze kart muszą okazać kartę dla każdej nocy zatrzymaliśmy się na kempingu, a następnie staje się jednym noclegiem zawieszona za każdym razem. Aby uzyskać więcej informacji na karcie dostępny jest na stronie internetowej www.utilegukortid.is

Veidikortid

Użytkownicy Jednostki, zawodowych Veidikortid można kupić w spółki tylko kr. 2.500 ale pełna cena jest kr. 6.900. Karta zapewnia niemal nieograniczony dostęp do 36 jezior na terenie całego kraju. Veidikortid ważny dla jednej osoby dorosłej i dzieci poniżej 14 roku życia w towarzystwie posiadacza karty. Karta skierowana jest do osoby zidentyfikowane przez jego numeru ID. Więcej informacji na temat www.veidikortid.is

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Można nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron. Bilety można również nabywać u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

Okres wypowiedzenia (Uppsagnarfrestur)

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12- dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe. Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Sumarstarfsmenn

Eins og undanfarin sumar er búið að ráða inn afleysingafólk á skrifstofu félagsins í sumar.

Á Dalvík mun Snæborg Ragna Jónatansdóttir leysa Freyðísi af.

Í Fjallabyggð mun Ólafía Anna Þorvaldsdóttir leysa Margréti af, en þegar það verður ur þá verður opið milli kl. 9:00 og 13:00.

Á Akureyri verða tvær sem skipta á milli sín deginum frá 1. júní til 31. ágúst. Hrönn Ásgeirsdóttir verður á vaktinni á skrifstofunni milli kl 8 og 12 og Aðalbjörg G. Hauksdóttir milli kl. 12 og 16.



Aðalbjörg og Hrönn munu leysa af á skrifstofu félagsins á Akureyri í sumar.

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน

สิทธิในการขอลาพักร้อน (Réttur til að taka sumarfrí)

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้ แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด ด้วยการโทรฯและทั้งข้อความ เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

บัตรลดตมอิมงค์ที่ Hvalfjarðar (Miðar í Hvalfjarðargöng)

สามารถหาซื้อบัตรลดตมอิมงค์ Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนอร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่

(Átt þú rétt á orlofsuppbót)

ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น

สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสเต็มอัตราคือ

จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน)

และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน

หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน

จำนวนของเงินโบนัสจะมากหรือน้อยนั้น

ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน

และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน

จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR 39500

ขึ้นอยู่กับการทำงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง

จำนวนในปีสำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR 39000

สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง

โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

Fosshotels มีอัตราที่ลดลง

Eining-Iðjaจะขายคูปองสำหรับที่พักในโรงแรมทั้ง Fosshotels

ในไอซ์แลนด์ ราคาหนึ่งคูปองเป็น KR 6500

และมันเป็นเรื่องที่ต้องสำหรับคนสองคนในห้องคู่กับอ่างล้างหน้าหนึ่งคือน รวมอาหารเช้า คูปองมีให้บริการที่สำนักงาน Eining Iðja-

ผู้ให้การจองของตัวเอง

สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมดู www.fosshotels.is

โรงแรม Edda มีอัตราที่ลดลง

Eining-Iðjaจะขายคูปองสำหรับที่พักในโรงแรมทั้งหมดในไอซ์แลนด์

Edda ราคาหนึ่งคูปองเป็น KR 6500

และมันเป็นเรื่องที่ต้องสำหรับคนสองคนในห้องคู่กับอ่างล้างหน้าหนึ่งคือน ไม่รวมอาหารเช้า

สมาชิกสหภาพฯจะไม่สูญเสียจุดเครดิตเมื่อซื้อคูปองเหล่านี้ซึ่งทำให้มีเลือกที่น่าสนใจสำหรับการตามรายการราคาของโรงแรม Edda

สำหรับฤดูร้อนปี 2014 ราคาของห้องประเภทนี้คือ KR 13,600

คูปองมีให้บริการที่สำนักงาน Eining Iðja-

เด็กสามารถเข้าร่วมกับห้องพักโดยไม่คิดค่าใช้จ่าย grownups

เพิ่มถ้าคนใช้พร้อมผ้าปูเตียงหรือถุงนอนโรงแรม Edda ให้ที่นอนถ้าจำเป็น

คูปองนี้สามารถใช้ได้ในทุก Edda โรงแรมทั่วประเทศ

ผู้ให้การจองของตัวเอง

สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมดู www.hoteledda.is

บัตรที่ตั้งแคมป์ (Útilegukortíð)

สมาชิกของหน่วยงานภาคอุตสาหกรรมสามารถซื้อบัตรได้ที่สำนักงานการตั้ง

แคมป์ของการจัดอันดับของ บริษัท ฯ 8000 แต่ราคาเต็มคือ KR 14,900

การ์ดที่ตั้งแคมป์จะช่วยให้ผู้ถือทางด้านขวาที่จะอยู่กับคู่สมรสและถึงสี่เด็กที่มีอายุต่ำกว่า 16 วิธีที่ 44 ค่ายทั่วประเทศ

ตอนนี้การ์ด จำกัด 28 คืนในแต่ละฤดูร้อนแต่ละ

ผู้ถือบัตรจะต้องแสดงบัตรสำหรับแต่ละคืนอยู่ที่แคมป์แล้วจะกลายเป็นหนึ่งพักค้างคืนครั้งแต่ละครั้ง

ข้อมูลเพิ่มเติมเกี่ยวกับการการ์ดสำหรับให้บริการบนเว็บไซต์

www.utilegukortid.is

Veidikortíð

หน่วยสมาชิกVeidikortíðอาจซื้อสามารถซื้อได้ที่ บริษัท ฯ เท่านั้น KR ราคา

2500 แต่เต็ม KR 6,900 การ์ดให้การเข้าถึงเกือบจะไม่ จำกัด ถึง 36

ทะเลสาบทั่วประเทศ

Veidikortíðที่ถูกต้องสำหรับผู้ใหญ่และเด็กอายุต่ำกว่า 14

พร้อมด้วยผู้ถือบัตร บัตรจะถูกส่งไปยังบุคคลที่ระบุโดยหมายเลขรหัสของเขา

สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมเกี่ยว www.veidikortid.is

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น

ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง

และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ

โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง

จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการศึกษาที่แล้วหนึ่งเดือน

หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร

ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง

เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง

ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน

ที่สำนักงาน Eining -Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล

ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้

และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา

ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์

สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12

วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1

เดือนก่อนออกจากงาน (เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่

หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)

หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี

ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออ

Munið eftir félagavefnum

Félagavefur Einingar-Iðju veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Fjöldmargir félagsmenn nota vefinn, t.d. til að sækja um orlofshús, sem flýttir mikið fyrir úthlutunarferlinu fyrir sumarið.

Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má efst á forsiðu heimasíðunnar www.ein.is og hafa möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu

og punktastögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Veflykill

Þegar komið er inn á félagavefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn Sækja um aðgang að vef, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi. Veflyklar eru ekki gefnir upp í síma eða sendir í tölvupósti, þar sem upplýsingar sem þar eru falla undir lög um persónuvernd.

Gott að vita

Vert er að minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu félagsins.

Hvalfjarðargöng

Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum félagsins á kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey, á Grenivík og Grímsey.

Hótel Edda

Félagið selur félagsmönnum greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 6.500. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn. Greiðslumiðana má nota á öllum Eddu-hótelum sem eru 12, hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistiðmiða. Gangið úr skugga við pöntun um að hótelið bjóði upp á herbergi með handlaug. Á Hótel Eddu Höfn, Vík, Neskaupsstað, ÍKÍ Laugarvatni og Egilsstöðum er einungis herbergi með baði, þar þarf að nota tvo gistiðmiða. Hér er um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótela fyrir sumarið 2014 á slíkt herbergi að kosta kr. 21.700.

Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistiðmiða. Leyfilegt er að taka með sér 1 til 2 börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur með sér svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf. Nánari upplýsingar um hótelið má finna á heimasíðunni www.hoteleda.is

Fosshótel

Félagið selur einnig félagsmönnum niðurgreidda gistiðmiða á öll Fosshótel landsins. Verð miða er kr. 6.500 og gildir hann fyrir árið 2014. Hver miði

gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistiðmiðum. Fosshótel bjóða upp á gistingu á níu hótelum og er í boði fjölbreytt úrval af gistingu um allt land, ýmist sem sumarhótel eða tveggja til þriggja stjörnu heilsárshótel. Fosshótelin eru reyklaus hótel. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistiðmiða. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á kr. 8.000 en fullt verð er kr. 14.900. Kortið veitir aðgang að 44 tjaldsvæðum hringinn í kringum landið. Nú er hvert kort takmarkað við 28 gistinætur á hverju sumri. Korthafar verða því að framvísa kortinu fyrir hverja nótt sem gist er á tjaldstæðinu og verður þá ein gistinótt strikuð út hverju sinni.

Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en þó má einungis gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veidikortið

Félagsmenn fá Veidikortið á sérkjörum á aðeins kr. 2.500, fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í 36 veiðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Með Veidikortinu fylgir veglegur bæklingur með ýtarlegum upplýsingum um veiðisvæði með kortum og myndum.

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

Fylgstu með á Félagavefnum og fáðu upplýsingar um stöðu þína. Félagsgjöld til Einingu-löju eru 1 % af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins.

Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-löju þurfa félagsgjaldsgreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félagsgjald er greitt í sex mánuði samfellt fellur viðkomandi félagsmaður af félagskrá.

Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi. Hjá Einingu-löju hafa félagsmenn rétt til:

- ★ Upplýsinga um réttindi og skyldur,
- ★ Aðstoðar við túlkun kjarasamninga,
- ★ Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga,
- ★ Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu,
- ★ Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað,
- ★ Lögfræðiaðstoðar tengda kjaramálum,
- ★ Aðstoðar í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn,
- ★ Styrkja til forvarna og endurhæfingar,
- ★ Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum,
- ★ Aðgangs að orlofshúsum.

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á Félagavef Einingu-löju á www.ein.is er hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Einingu-löju hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda á Félagavefnum.

PACTA lögmenn

- félagsmenn fá 15% afslátt

Rétt er að minna á samning sem Einingu-löju er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðisþjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingu-löju telja rétt að bjóða

viðkomandi félagsmanni. Einingu-löju ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum.

Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu-löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.



Skrifstofa PACTA er á 2. hæð í Hafnarstræti 91-95.

Fjölsmiðjan er flutt í Furuvellu 13

Í lok maí flutti Fjölsmiðjan á Akureyri, sig um set. Núna er hún til húsa á neðri hæðinni í Furuvöllum 13 á Akureyri.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk þar sem þeim gefst tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Erlingur Kristjánsson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, sagði að nýja húsnæðið henti mjög vel og að undanfarnar vikur hafi staðið yfir endurbætur á því.

„Við erum enn að standsetja bílaþvottastöðina og því mun hún ekki opna fyrr en síðar í mánuðinum en búið er að opna eldhúsið og nytjamarcaðinn. Þetta er mikill munur fyrir okkur því við erum að fara úr um 500 m² í um 800 m². Helsta breytingin er að við erum með stærri og huggulegri búð og



því er aðgengi að vörum í henni mun betra. Matsalurinn er líka miklu stærri en hann var og öll aðstaða mun betri. Húsnæðið býður líka upp á það að við getum gert meira og unnið í fleiri verkefnum sem þýðir að við getum jafnvel tekið inn fleiri í vinnu. Það er einmitt í skoðun núna hvað það gæti verið,” sagði Erlingur og bætti við að eftir sumarfrí verði vonandi búið að malbika útiaðstöðuna við bílaþvottastöðina og þá verði allt eins og best verði á kosið.

Erlingur sagði að hann vonaðist eftir því að Akureyringar og nærsveitarmenn muni taka þeim jafn vel á nýja staðnum og þeim gamla. „Mjög margir hafa komið með bílana sína í þvott, borðað hjá okkur í hádeginu og síðast en ekki síst verið duglegir við að gefa og kaupa húsbúnað og fleira í nytjamarcaðinum sem er ómetanlegt.”



Ertu preyttur á að beygja þig til að komast í skóna?

Langbestu og sterkustu skóhornin, 75 cm löng.



EILÍÐARÁBYRGÐ!

B **BLIKKRÁS**
AKUREYRI

Óseyri 16 - Sími 462 7770 - www.blikkras.is

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löjla vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningnum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót. Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí.

Orlofsuppbót hjá þeim sem starfa hjá sveitarfélögum er kr. 39.000 árið 2014. Orlofsuppbót á almenna markaðinum og hjá ríkinu er kr. 39.500 árið 2014. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur yfir upphæð orlofsuppbóta miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Stjórnir og nefndir

starfsárið 2014-2015



Í félaginu er 11 manna aðalstjórn og öflugt trúnaðarráð þar sem tryggt er að allir hópar innan félagsins eigi sína fulltrúa. Stjórn félagsins skipa 11 félagsmenn: Formaður, varaformaður, ritari, fimm meðstjórnendur frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar og þrír fulltrúar starfsgreinadeilda, þ.e. formenn starfsgreinadeildanna þriggja.

Stjórn Einingar-Iðju

(*kosin til 2016)

Björn Snæbjörnsson, formaður
*Anna Júlíusdóttir, varaformaður
Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari
Ingvar Kristjánsson, formaður lðnaðar- og tækjadeilda
Margrét H. Marvinsdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeilda
Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar
*Guðrún Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi í Hrísey
Haldis Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Ólafsfirði
*Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi á Siglufirði
Róbert Þorsteinsson, svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi
*Sigríður Jósepsdóttir, svæðisfulltrúi á Dalvík

Stjórn lðnaðar- og tækjadeilda

(*kosin til 2016)

Ingvar Kristjánsson, formaður
*Vilhjalmur Adolfsson, varaformaður
Sigurður Sveinn Ingólfsson, ritari
*Gunnar Magnússon, meðstjórnandi
Ingi Rafn Ingason, meðstjórnandi
*Kristín Anna Gunnólfssdóttir, meðstjórnandi
*Rannveig Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi
Svavar Magnússon, meðstjórnandi

Stjórn Matvæla- og þjónustudeilda

(*kosin til 2016)

Margrét H. Marvinsdóttir, formaður
*Tryggvi Jóhannsson, varaformaður
Sigríður Jósepsdóttir, ritari
Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
*Birna Harðardóttir, meðstjórnandi
Júlíana Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
*Kristbjörg Ingólfssdóttir, meðstjórnandi
*Stefán Aðalsteinsson, meðstjórnandi
Steinþór Berg Lúthersson

Stjórn Opinberu deilda

(*kosin til 2016)

Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður
*Elisabet Skarphéðinsdóttir, varaformaður
Hanna Dóra Ingadóttir, ritari
Ásrún Karlsdóttir, meðstjórnandi
*Hildur Arna Grétarsdóttir, meðstjórnandi
Hildur Ingvarsdóttir, meðstjórnandi
*Hrönn Vignisdóttir, meðstjórnandi
Júlía Birna Birgisdóttir, meðstjórnandi
*Ómar Ólafsson, meðstjórnandi

Stjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn:

Sigrún Lárusdóttir, sjálfkjörin
Jakob Tryggvason
Lára Einarsdóttir
Varamenn:
Hulda Einarsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Sigríður Ólafsdóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Aðalmenn:

Árni Þorvaldsson
Gunnar Magnússon
Sigríður Jóna Gísladóttir
Varamenn:
Birna Harðardóttir
Ragnheiður Hjartardóttir
Valborg Karlsdóttir

Stjórn Fræðslusjóðs

Anna Jablonska
Anna Sigríður Pálmadóttir

Elisabet Skarphéðinsdóttir
Halldór Brynjólfsson
Hanna Eyrún Antonsdóttir
Hanna Þ. Benediktsdóttir
Sigurður Sveinn Ingólfsson
Þórey Aðalsteinsdóttir

Ritnefnd

Anna Dóra Gunnarsdóttir
Erla Hrunn Friðfinnsdóttir
Frímann Stefánsson
Ingimundur Norðfjörð
Kristín Anna Gunnólfssdóttir

Ferðanefnd

Björn Snæbjörnsson, sjálfkjörinn
Anna G. Ásgeirsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Sigurlaug A. Tóbiásdóttir
Vilhjalmur Adolfsson

Kjörstjórn

Aðalmenn:

Laufey Bragadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir

Varamenn:

Margrét Pálsdóttir
Stefán Aðalsteinsson

Skoðunarmenn

Aðalmenn:

Hildur Ingvarsdóttir
Stefán Magnús Jónsson

Varamaður:

Ingibjörg Anna Sigurðardóttir

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði eiga sæti 100 manns auk 11 stjórnarmanna, fimm varanna svæðisfulltrúa og þriggja varanna starfsgreinadeilda. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

Matvæla- og þjónustudeild:

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Hótel KEA
Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Becromal
Anna Jablonska, Samherji Dalvík

Munið eftir www.ein.is

Arnar Freyr Logason, Norlandia
 Ása Ragnarsdóttir, S1 Ólafsfirði
 Birgitta S. Jónsdóttir, Matur og mörk
 Birna Harðardóttir, Norðlenska
 Dagbjört Óskarsdóttir, ISS Akureyri
 Ever Perez Grimenez, Samherji Dalvík
 Guðbjörg Herbertsdóttir,
 Gjögri Grenivík
 Guðjón Ólafsson, Kjarnafæði
 Guðrún Guðmundsdóttir,
 Þrif og ræstivörur
 Halldór Baldvin Stefánsson, Kjarnafæði
 Heiðís Rósa Sigurjónsdóttir,
 Icelandair hótel
 Herdís Ólafsdóttir, Lostæti ehf
 Hrefna Þorbergsdóttir, ÚA Akureyri
 Ingi stefán Stefánsson, Securitas
 Ingibjörg Anna Sigurðardóttir, ÚA
 Ingibjörg Sigurðardóttir, Ektafiskur
 Kristján Ingimar Ragnarsson,
 Eyfang Hrísey
 Ída Guðrún Atladóttir, Samherji Dalvík
 Íris Eva Ómarsdóttir, Norðlenska
 Íris Ósk Jónasdóttir, ISS Ísland
 Jóhanna M. Baldursdóttir, ISS Ísland
 Júlíana Kristjánsdóttir, Securitas
 Karólína Sigurjónsdóttir,
 Allinn Siglufirði
 Kolbrún Björgvinsdóttir,
 Rammi Siglufirði
 Kolfinna Haraldsdóttir, Lostæti
 Kristbjörg Ingólfssdóttir, Landsbankinn
 Lára Einarsdóttir, MS Akureyri
 Margrét Pálsdóttir, Daglegt brauð
 Ólöf Tryggvadóttir, Grandþvottur
 Regína Sigurðardóttir, Norðlenska
 Rögnvaldur Rögnvaldsson, Greifinn
 Sigríður Gísladóttir, ÚA Akureyri
 Sigurður Óli Jónsson, Nortek
 Silja Rúnarsdóttir, Bryggjan
 Sólveig Auður Þorsteinsdóttir, Bautinn
 Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði
 Steinþór Lúthersson, ÚA Akureyri
 Vignir Stefánsson, ÚA Akureyri
 Þorgils Guðnason,
 Hausaverkun Samherja

Opinbera deild:

Anna Arngrímsdóttir, MA þvottahús
 Anna Dóra Gunnarsdóttir, Álfasteinn
 Anna Eydís Friðjónsdóttir, VMA
 Anna Sigrún Sigurðardóttir, Hlíð
 Árni Þorvaldsson, Vegagerð
 Ásdís Hreinsdóttir,
 Heimaþjónusta Akureyrar

Ásrún Karlsdóttir, Heimaþjónusta B
 Eygló Þorsteinsdóttir, Hólmasól
 Guðrún Lárusdóttir, Dalvíkurskóli
 Guðrún Valdís Eyvindsdóttir,
 Naustaskóli
 Gunnar Berg Haraldsson, Norðurorka
 Hallfríður Hallsdóttir,
 Sambýli v/Lindargötu Siglufirði
 Hanna Dóra Ingadóttir,
 Leiksk. Álfaborg Svalbarðsströnd
 Hanna Þóra Benediktsdóttir,
 Leikskólinn Leikskálar
 Helga Ingólfssdóttir, Lögmanshlíð
 Hildur Gunnarsdóttir, MA
 Hildur Arna Grétarsdóttir,
 Lögmanshlíð
 Hildur Ingvarsdóttir, Sambýli Snægili
 Hrönn Vignisdóttir, FSA
 Hulda Einarsdóttir, Síðuskóli
 Jóhann Rafn Heiðarsson,
 Plastiðjan Bjarg-löjullundur
 Júlía Birna Birgisdóttir,
 Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar.
 Lilja Björg Jones Hauksdóttir,
 Krummakoti Eyjafjarðarsveit
 Margrét Sigurðardóttir, Giljaskóli
 Marthen Elvar Veigarsson,
 Skammtíamavistun
 Ómar Ólafsson,
 Framkvæmdamiðstöð Akureyrar
 Ragnhildur Anna Hjartardóttir,
 Félagsstarf aldraðra Víðilundi
 Rannveig B Hrafnkelsdóttir,
 Heimaþjónusta Akureyrar
 Sif Hjartardóttir, Sambýli Akureyri
 Sigmar Ingi Ágústsson,
 Meðferðarheimilinu Laugalandi
 Sigríður Ólafsdóttir, FSA/Kristnes
 Sigurlaug Anna Tobíasdóttir,
 Leikskólinn Flúðir
 Valborg Inga Guðjónsdóttir,
 Leikskólinn Sunnubóli
 Valborg Karlsdóttir, Valsárskóli

lðnaðar- og tækjadeild:

Guðlaug Kristjánsdóttir,
 Gámaþjónusta Norðurlands
 Gunnar Árni Jónsson, Gúmmívinnslan
 Gunnar Magnússon, Hyrnan
 Ingi Rafn Ingason, Slippurinn Akureyri
 Ingimundur Norðfjörð, Becromal
 Jóhann Helgi Steinarsson,
 Eimskip/bílstjórar
 Jósavin Heiðmann Hreinsson, Laxá

Kristín Anna Gunnólfssdóttir,
 Löndun Ólafsfirði
 Ómar Freyr Sigurðsson,
 Siglufjarðar Seigur
 Rannveig Kristmundsdóttir, Glófi
 Sigurður Árni Karelsson, Skeljungu
 Sigurður Magnússon, SBA - Norðurleið
 Sigurður Sigurðsson, SBA - Norðurleið
 Sigurður Sveinn Ingólfsson,
 MS Akureyri
 Sigvaldi Magnússon, Skútaberg
 Símon Helgason,
 Bás hf. Vélaleiga og steypustöð
 Svavar Magnússon, Promens Dalvík

7 fulltrúar tilnefndir af trúnaðarráði

Elínros Þóreyjardóttir, Hlíðarbóli
 Hildur Rannveig Stefánsdóttir,
 Kexsmiðjan
 Jón Eðvard Ingólfsson,
 Lundur Heimavist
 Ottó Daniel Tulenius, Rub 23
 Stefán Ragnarsson, Samskip
 Þorgerður Bjarnadóttir, Oddeyrarskóli
 Þorsteinn E. Arnórsson, Eining-lðja

Sjálfkjörnir í trúnaðarráð auk stjórmar:

*Varaformenn deilda og
 varasvæðisfulltrúar:*

Opinbera deild,

Elísabet Skarphéðinsdóttir,
 Hrafnagilsskóla

lðnaðar- og tækjadeild,

Vilhelm Adólfsson, Becromal

Matvæla- og þjónustudeild,

Tryggvi Jóhannsson, Þrif og ræstivörur

Dalvík,

Freydís Antonsdóttir,
 Skrifstofu Einingar-lðju

Hrísey,

Hanna Eyrún Antonsdóttir, Hvammur

Siglufjörður,

Sigrún V. Agnarsdóttir,
 Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar

Ólafsfjörður,

Anna Sigríður Pálmadóttir, Hafblikki

Grenivík,

Þórey Aðalsteinsdóttir, Grenilundi



Ertu með ofnæmi?

Lóritín®

– Kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils

Þekkir þú helstu einkenni ofnæmiskvefs?

- Kláði í augum og nefi
- Síendurteknir hnerrar
- Nefrennsli/stíflað nef
- Rauð, fljótandi augu

Einkennin geta líkst venjulegu kvefi og margir þjást af „kvefi“ á hverju sumri áður en þeir átta sig á að um ofnæmiskvef er að ræða.

Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga.

Notkun: Lóritín inniheldur virka efnið loratadín 10 mg og er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn yfir 12 ára aldri: 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára: Með líkamsþyngd meiri en 30 kg: 1 tafla (10 mg) á dag. Börn með líkamsþyngd undir 30 kg: 1/2 tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Texti síðast endurskoðaður í mars 2013.


Actavis